

**Lífsleikni í 10. bekk Kennari: Samúel Örn Erlingsson.**

Lífsleikni í 10. bekk er kennd í samræmi við hæfniviðmið í Aðalnámskrá grunnskóla. Kennslan fer formlega fram einu sinni í viku, nemendur fá eina kennslustund, 40 mínútur. Þar er miðað við að nemendur taki þátt í umræðum, læri að tjá sig og koma skoðunum sínum á framfæri. Í vetur er lagt upp með að haldinn sé formlegur bekkjarfundur einu sinni í mánuði. Þar læra nemendur fundarsköp og fundarhegðun, sem er mikilsvert veganesti. Kennsla í lífsleikni skarast einnig við aðrar námsgreinar og á sér reglulega stað óbeint í öðrum tímum. Námsefni er víða að, af netinu og lífsleiknibókum.

Í 10. bekk er aukin áhersla á kynningu á námi og störfum í samfélaginu. Námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingar og aðrir kennarar skólans setja að sjálfsgöðu mark sitt á kennsluna, varðandi námstækni, setningu markmiða, starfsmenntun, forvarnir, samskipti, líðan og ýmsa fræðslu. Margt fleira skarar þetta svið, stefna og áherslur skólans, nemendaviðtöl og fleira. Nemendaviðtöl fara fram tvisvar á skólaárinu, fyrir og eftir áramót.

Helstu markmið lífsleiknikennslunnar eru að nemendur

- tileinki sér gildi skólans, **virðing, vinátta og víðsýni**.
- Temji sér sjálfsgöðu, ábyrgð og sveigjanleika.
- Temji sér jákvæðni og heilbrigðan lífsstíl.
- Þekki tilfinningar sínar og geti skilið þær, persónulega og í samfélagi við aðra.
- Læri að takast á við og standast hópþrýsting, ekki síst varðandi áfengi og fíkniefni.
- Fáí tilsögn í því að skipuleggja eigið líf, kynnist fjármálalæsi og umferðaröryggi.
- Fáí kynfræðslu við hæfi.
- Fáí tilsögn í námstækni og setningu markmiða.
- Þekki og tileinki sér gildi umhverfisvænnar vistar og umgengni.
- Læri hvernig bregðast á við hættuástandi á borð við jarðskjálfta, eldgos og flóð. Skilji og þekki rýmingaráætlun skólans.